**kondiĉ/o** **1** skilyrði. **2** skilmáli (oftast í ft.). **3** ástand. **-a** **1** skilyrðis-. **2** skilyrtur, skilyrðisbundinn. **-a modo** = **kondicionalo**. **-e ke** með því skilyrði að, ef. **-i áhr** **1** áskilja, setja sem skilyrði. **2** krefja, fela í sér. **-aro** (= **kondiĉoj**) skilmálar. **sen-a** skilyrðislaus, skilmálalaus, hreinn og beinn.

**kondilo/o** *lfæ* hnúi.

**kondilom/o** *lfæ* kynsjúkdómavarta.

**kondiment/o** *mat* krydd. **-i áhr** krydda. **-ujo** kryddbaukasamstæða.

**kondolenc/i áhr** samhryggjast, votta samhryggð. **-o** samhryggð. **-a** samhryggðar-.

**kondom/o** *læk* (getnaðarverja) smokkur.

**kondor/o** *dýr* kondór (*Sarcorhamphus gryphus*).

**kondotier/o** *inn* leiguliðsforingi (á Miðöldum).

**kondr/o** *læk* brjósk. **-ito** brjóskbólga. **-omo** brjóskæxli. **-ektomio** brjósknám.

**kondroste/o** = **hondrosteo**.

**konduk/i áhr** **1** leiða, fylgja. **2** leiðbeina. **3** láta ganga. **4** teyma. **5** liggja. **6** = **stiri**. **7** = **kondukti**. **-a** leiðslu-. **-o** (í samsettum orðum) **1** = **kondukado**. **2** = **kondukilo**. **-ado** forysta, stjórn; leiðsögn, fylgd. **-adi áhr** leiða oft; leiða lengi; stjórna (lengi). **-anto** **1** ökumaður. **2** forstjóri; leiðtogi. **-ilo** **1** stýri; taumur. **2** leiðsla, pípa. **3** leiðari. **-iloj** beislistaum-

ur, taumar. **-isto** bílstjóri, ökumaður. **-sido** öku-sæti. **-ŝnuro** beislistaumur. **al-i** áhr færa; koma á (ástandi), koma til. **de-i** áhr leiða frá, beina frá; leiða burt. **el-i** áhr leiða út. **en-i** áhr efn sta 1 fylgja inn. 2 innleiða; leiða inn. **en-a artikolo** inngangsgrein. **en-o** tilkynning; inngangur, inngangsorð. **for-i** áhr leiða burt; flytja burt, vísa burt. **kun-i** áhr taka með sér; hafa í för með sér. **re-i** áhr koma með aftur, fara með aftur, færa aftur. **reen-i** áhr innleiða að nýju, endurvekja. **tele-i** áhr fjarstýra. **tra-i** áhr leiða í gegnum, fylgja í gegnum. **trans-i** áhr færa yfir.

**kondukt/i** áhr eðl rtæ leiða (hita, rafmagn o.s.frv.). **-o** eðl leiðsla. **-aĵo** leiðsla, lína, taug. **-anco** eðl rtæ leiðni. **-anto** eðl rtæ leiðari, leiðir. **duon-anto** hálfleiðari. **-eco** eðl rtæ leiðni, snertileiðni. **-ilo** leiðsla, leiðsluþráður. **nutra-ilo** rafveitutaug. **ŝnur-ilo** rtæ (rafmagns)snúra. **plilongiga ŝnur-ilo** framlengingarsnúra. **ŝnurigita-ilo** flétuð leiðsla. **-iva** leiðandi, sem getur leitt (hita, rafmagn o.s.frv. **-iveco** eðl leiðni. **super-iveco** eðl ofurleiðni. **foto-iva** ljósleiðandi, ljósleiðni.

**konduktor/o** 1 umsjónarmaður, lestarþjónn, vagnstjóri. 2 líf leiðari (sjúkdóms).

**kondut/i** áhl haga sér, hegða sér. **-o** hegðun, háttalag. **bon-a** siðþrúður. **malbon-a** illa vaninn.

**koneks/a** samtvinnaður, náinn.

**konekt/i** áhr rtæ setja í samband, tengja. **-o** samband, tenging. **paralela -o** samhliða tenging. **seria -o** raðtenging. **deira -ejo** greinitengi. **-ilo** tengill. **-oskemo** tengimynd, teikning af leiðslum og tengingum. **mal-i** áhr slökkva á, loka, loka fyrir. **mal-ilo** slökkvari. **mis-o** ónægileg tenging. **tra-i** áhr fja setja í samband við, láta tala við (al iu = e-n). **ter-o** útvarð samband; jarðtenging.

**konektiv/o** lfæ gra bandvefur, stoðvefur (= **konektiva histo**).

**konestabl/o** sag landstjóri; æðsti yfirmaður í kastala (á miðöldum).

**konfeder/i** áhr sameina í bandalag.

**konfederaci/o** lög ríkjasamband; samband, bandalag. **-i** áhr sameina í bandalag. **-a** sambands-; sameinaður í bandalag.

**konfekci/o** 1 búðarföt, tilbúin föt, tilbúinn fatnaður. 2 fatagerð. **-a** tilbúinn, saumaður. **-i** áhr gera, búa til, sauma (fatnað).

**konferenc/o** lög ráðstefna; þing.

**konferv/o** gra kaldavermslismosi (*Conferva*).

**-acoj** kaldavermslismosaett (*Confervaceae*).

**konfes/i** áhr 1 játa, viðurkenna. 2 skrifa. **-o** 1 játning, viðurkenning. 2 skriftir, skriftamál,

syndajátning. **-ejo** kri skriftastóll. **-preni** áhr kri hlýða skriftum (e-s), skrifa (e-m). **-prenanto** skriftafaðir, skriftaprestur. **for-i** áhr hafna, kasta frá sér. **mal-i** áhr 1 neita. 2 afneita. **est-i** áhr viðurkenna. **nemal-ebila** óneitanlegur. **kred-o** trúarjåtning.

**konfesi/o** kri trúarflokkur. **-a** játningar-; samkvæmur trúarjåtningu, trúarbragða-. **inter-a edzeco** hjónaband milli trúarflokka.

**konfet/oj** skrautpappírsflygsur.

**konfid/i** áhr 1 treysta. 2 trúa (al iu = e-m) fyrir (ion = e-u). **-a** fullviss, öruggur, áreiðanlegur. **-e** áreiðanlega; örugglega. **-o** traust, tiltrú; öryggi. **-ema** treystandi. **-iga** sem vekur traust. **-ato** trúnaðarmaður, trúnaðarvinur. **-inda** trúr, áreiðanlegur. **-itaĵo** það sem hefur verið trúað fyrir. **mal-i** áhr vantreysta, tortryggja. **mal-o** vantraust, tortryggni.

**konfidenc/o** trúnaður, trúnaðarmál. **-a** heimullegur, trúnaðar-. **-e** sem leyndarmál, sem trúnaðarmál. **-ema** ódulur. **-ulo** trúnaðarmaður. **mal-ema** fámáll.

**konfidenci/o** = **konfidenco** (sjá *Oficiala Vortaro*).

**konfirm/i** áhr 1 staðfesta. 2 ferma. **-o** 1 staðfesting. 2 ferming. **-e** til staðfestingar. **mal-i** áhr hrekja, afsanna, neita.

**konfirmaci/o** kri ferming. **-i** áhr ferma. **-oto**, **-ito** fermingarbarn. **-a surtuto** fermingarkeyrtill. **-a ceremonio** fermingarathöfn.

**konfisk/i** áhr gera upptækan. **-o** upptekt, (eigna)upptaka. **-inda** upptækur.

**konfit/i** áhr mat sulta, leggja í kryddlög. **-aĵo** aldinmalk, sætmeti, sultutau. **-ejo** sælgætisbúð.

**konflagraci/o** hei stórbruni, bál.

**konflikt/o** deila, árekstur. **-i** áhl rekast á, koma í bága (kun = við). **ek-i** áhl fara að rekast á. **-a** andstæður.

**konform/a** samsvarandi, samkvæmur. **-e** al samkvæmt; í samræmi við. **-i** áhl vera í samræmi (kun = við), falla að. **-eco** samræmi. **-igi**, **al-igi** samræma við, laga eftir. (al)-igi sin, (al)-iĝi laga sig (al = eftir). **-ismo** 1 samsnið. 2 tengsl við þjóðkirkjuna (í Englandi). **-isto** 1 samsniðinn maður. 2 þjóðkirkjumaður. **inter-igi** gera (hluti) sambærilega. **ne-a** 1 ósamsniða. 2 utan þjóðkirkju (í Englandi). **ne-ismo** 1 sérlægni, missnið. 2 (í Englandi) utanþjóðkirkjutrú. **ne-isto** 1 (í Englandi) utanþjóðkirkjumaður. 2 ósamsniða maður. **ne-eco** ósamræmi.

**konfront/i** áhr lög leiða saman, leiða (ákærðan) fram fyrir (vitnin), leiða (ákærðan) móti (vitnunum).

**Konfuce/o** *per* Konfúsíus. **-ismo, -anismo** konfúsismi, konfúsíusismi, konfúsíusarhyggja.

**konfuz/i** *áhr* rugla, rugla saman; gera ringlaðan. **-o** ruglingur, ringulreið, óskapnaður. **-a 1** ruglingslegur, ruglaður. **2** ringlaður. **-e** ruglingslega, óljóst, á ruglingslegan hátt. **-aĵo** ringulreið; flækja; óreiða. **-egi** gera felmtsfullan. **-iĝi** verða órött í skapi, verða ringlaður. **-ita** ringlaður; feiminn. **-iva** ruglandi. **-iĝemo** feimni. **inter-i** *áhr* flækja, véla; rugla saman. **mal-i** *áhr* skýra, losa, greiða úr. **mal-a, sen-a** ljós, skýr, greinilegur. **ne-eblo** rólegur, óraskanlegur.

**kong/o** *efn* efnavísir, litvísir.

**Kong/o** *ldf* **1** Kongófljót. **2 = Kongolo. -olando = Kongolo. -a** kongóskur. **-ano** Kongóbúi.

**kongest/i** *áhr* læk valda blóðsókni til/í. **-o** læk blóðfylli, blóðsókni, blóðríki. **cerba -o** blóðsókni til heilans. **pulma -o** of mikil blóðsókni til lungna, blóðríki í lungum.

**konglomer/i** *áhr* *eðl ste* mynda völuþing úr. **-aĵo ste eðl 1** völuþing; sambræðingur steintegunda. **-iĝi** myndast í völuþing.

**konglomerat/o 1** völuþing, sambræðingur (steintegunda). **2** samsull.

**Kongol/o** *ldf* Kongó. **la Okcidenta -o** Vestur-Kongó. **Popola Respubliko -o = la Okcidenta -o. -o Brazavila = la Okcidenta -o. la Orienta -o** Austur-Kongó (hét **Zairio** á árunum 1971–1997). **Demokratia Respubliko Kongo = la Orienta -o. -o Kinšasa = la Orienta -o. -a** kongóskur. **-ano** Kongóbúi.

**kongr/o** *dýr* hafáll (*Conger vulgaris*) (= **mar-angilo**).

**kongregaci/o** *kaþ* **1** (kaþólskt) reglufélag, bræðrafélag. **2** kardínálfélag. **-ano** meðlimur í reglufélagi; meðlimur í bræðrafélagi.

**kongres/o** *sag* **1** þing, fundur. **2** (í Bandaríkjunum) samveldisþing. **3** ráðstefna. **-a** þing-. **-i** *áhl* halda þing, halda fund, vera gestur á þingi. **-ano 1** þingfulltrúi, gestur á þingi. **2** þingmaður. **antaŭ-o** forþing, fundur haldinn á undan þingi. **post-o** eftirþing, fundur haldinn eftir þing. **-ejo** þinghús, þingsalur.

**kongru/i** *áhl* *stæ* vera í samræmi við, falla við, falla saman, vera eins. **-a** *stæ* eins, aljafn. **ne-a** ósamkvæmur, ekki eins.

**koni/o** *gra* óðjurttaettkvísl ((*Conium*). **makula -o** *gra* óðjurt (*Conium maculatum*).

**konidi/o** *gra* gró, sveppgró.

**konifer/o** *gra* barrtré (*Conifera*), barrviður.

**konifer/oj** *gra* barrviðir.

**koniin/o** *efn* (lýtingur unninn úr óðjurt).

**konik/o** *stæ* keiluskurður.

**konikoid/o** *stæ* snúðkeilufötur, hringkeilufötur.

**konioz/o** *læk* rykveikindi. **pulma -o** lungnaryk, ryklungu.

**koniv/i** *áhl* loka augum fyrir (**je**). **-o** þegjandi samþykki.

**koniz/o** *gra* jakobsfífill (*Conyza*).

**konjak/o** *mat* koníak.

**konjekt/i** *áhr* giska á, geta á. **-o** getgáta, ágiskun. **-a** getgátu-, tilgátu-. **-aĵo** hugsanlegur lesháttur, tilgáta. **-eblo** sennilegur, líklegur.

**konjug/i** *áhr 1 mfr* beygja (sögn). **2** *stæ* samoka. **komplekse -ita** samoka. **-itaj duoblaj ligoj** *efn* blönduð tvítengi. **-ito** *stæ 1* samoka stærð, samoka tala, samoka fall. **2** samoka fylki. **Hermite- -ito** bylt samoka fylki.

**konjugaci/i** *áhr* beygja (sögn). **-o mfr 1** sagnbeyging. **2** beyging(arflokkur) sagna.

**konjunkci/o 1 mfr** samtenging, aðaltenging. **subordiga -o = subjunkcio. 2** *stj* samstaða. **-i** *áhr* *stj* vera í samstöðu við.

**konjunktiv/o** *lfæ* augnhvíta. **-ito** *læk* augnhvítubólga.

**konjunktur/o** *hag* efnahagsástand.

**konk/o** *dýr* *hús* *lfæ* goð skel, kuðungur, bobbi. **orela -o** ytra eyrað. **nazaj -oj** nefskeljar, neföður. **-aĵo** (tóm) skel. **-ego** mikil skel. **-ulo** skeldýr, skeljungur. **-ohava** *ste* skelja-. **-ologio** skeldýrafræði. **-ologo** skeldýrafræðingur. **aŭd-o** *fja* heyrnartól. **blov-o** kúfungshorn. **fando-o** stálmót. **mon-o** peningakuðungur (= **kaŭrio**). **perlo-o** perluskel (= **meleagreno**).

**konkav/a** *stæ* íhvolfur, íholur. **-a angulo = obtuza angulo. -aĵo** hola. **-eco** íhvolfa.

**konker/i** *áhr* leggja undir sig, yfirvinna. **-o** hernám, landvinning. **ne-eblo** ósigrandi, óvinnandi.

**konkir/i = konkeri.**

**konklav/o** *kaþ* **1** samkoma kardínála (til að velja páfa). **2** leynisamkoma, leynifundur. **-ejo** samkomustaður kardínála til að velja páfa.

**konklud/i** *áhr* álykta. **-o** niðurstaða, ályktun. **-e** að lokum, af þessari orsök, upp frá þessu. **-iga** sannfærandi; fullnaðar-.

**konkoid/o** *rúm* skel.

**konkord/o** samræmi. **-i** *áhl* vera í samræmi. **-igi** samræma. **mal-o** ósamræmi.

**konkordanc/o** orðaskrá (um orð í e-u ritverki, einkum Biblíunni), orðalykill.

**konkordat/o** *ver 1* samningur gerður milli páfa og e-s ríkis. **2** samningur gerður milli gjaldþrota manns og lánardrottna.

**konkrement/o** *ste lfæ* steinkvörn; steinn.

**konkret/a** *stæ* hlutkenndur, áþreifanlegur. **-aĵo** hlutur. **-igi** gera hlutstæðan. **-iĝi** verða raunverulegur. **-e** raunverulega; áþreifanlega.

**konkub/o** sambýlismaður. **-i** *áhl* búa saman (utan hjónabands). **-ado** frilluhald. **-ino** hjákona, frilla.

**konkur/i** *áhl* keppa ( **kun**, **kontraŭ** = við e-n). **-a** samkeppnislegur, samkeppnis-. **-e** samkeppnislega. **-o**, **-ado** **1** öfund. **2** keppni, samkeppni. **-adi** *áhl* keppa stöðuglega. **-anto** keppinautur. **-emo** samkeppnisandi. **ne-ebla** óviðjafnanlegur, ósamþærilegur. **prez-i** *áhl* leggja fram verðtilboð. **prez-ado** *ver lög* verðtilboð.

**konkurenc/o** samkeppni (í verslun). **-i** *áhl* keppa (í verslun) (**kun** = við). **-ulo** keppinautur (í verslun). **-a** samkeppnishæfur, samkeppnisfær.

**konkurs/o** keppni, kappleikur. **-a** keppni-. **-i** *áhl* keppa, taka þátt í kappleik. **art-o** listamanna-keppni. **ĉeval-o** kappreið, veðreið. **kur-o** kapphlaup. **ekster-a** sem ekki tekur þátt í kappleik. **marŝ-o** kappganga. **rem-o** kappróður. **ŝak-o** skák-mót. **-anto** keppinautur.

**konoid/o** *rúm* keila.

**konosament/o** *sig* farmskírteini (= **ŝarĝatesto**).

**Konrad/o** *per* Konráð.

**konsci/i** *áhr* **1** hafa meðvitund. **2** vera var við. **-o** meðvitund. **-a** meðvitandi; skynjandi, vitandi. **-e** með skynsemd. **-igi** gera ljóst. **ek-i** *áhr* gera sér grein fyrir. **mem-o** sjálfsvitund. **mem-a** sér meðvitandi. **ne-o** dulvitund. **ne-a** ómeðvitaður, dulvitaður. **re-iĝi** komast til meðvitundar, jafna sig, fá meðvitundina aftur. **sen-a** meðvitundarlaus. **sen-eco** meðvitundarleysi. **sen-iĝi** missa meðvitund, verða meðvitundarlaus. **sub-o** undirmeðvitund, dulvitund.

**konscienc/o** samviska. **-a** samviskusamur; samvisku-. **-dubo** samviskumál. **-riproĉo** samviskubit. **sen-a** samviskulaus. **sen-eco** samviskuleysi.

**konsekr/i** *áhr* **kap** vígja, helga. **-o**, **-ado** vígsla, helgun. **-e** í vígslu, helgandi. **-ito** sá sem helgaður var. **-itaĵo** helgigiöf. **-iteco** helgun.

**konsekvenc/o** **1** afleiðing, niðurstaða. **2** samhengi. **-a** **1** samkvæmur, rökréttur. **2** sjálfum sér samkvæmur. **-e** samkvæmt, þar af leiðandi; rökrétt. **ne-a** ósamanhangandi; ósamkvæmur sjálfum sér, órökréttur. **ne-o**, **sen-o** ósamkvæmni; samhengisleysi, mótsögn.

**konsent/i** *áhl* *áhr* **1** vera sammála. **2** samþykkja, fallast á. **3** koma sér saman um. **4** veita; játa. **-o** **1** samþykki; eftirlátsemi, hlýðni. **2** samkomulag. **en -o kun** samkvæmt. **-ado** það að veita,

veiting. **-a** samþykkjandi. **-e** játandi, með samþykki. **-ebla** ásættanlegur. **-ema** eftirlátur. **-igi** telja á, fá til að samþykkja. **-iĝi** vera sammála. **-ite** auðvitað, að vísu. **inter-i** *áhl* **1** komast að samkomulagi, sættast við, koma sér saman. **2** verða sammála (um). **inter-o** samkomulag, samningur, sáttmáli. **inter-igi** sætta. **mal-i** *áhl* *áhr* **1** neita, vera ósamþykkur, vera ósammála. **2** neita, hafna.

**konserv/i** *áhr* **1** geyma. **2** varðveita. **-o**, **-ado** varðveisla; viðhald. **-aĵo** niðursoðinn matur. **-ejo** geymsla, kjötbúr, matargeymsla. **-ema** íhaldssamur. **-iĝi** *eðl* vera varðveittur. **-iĝo** varðveisla. **-isto** gæslumaður, vörður. **-ujo** hirsla, byrða, kassi, ílát. **mem-o** sjálfsvörn. **instinkto de mem-o** sjálfsvarnarhvöt.

**konservativ/a** íhaldssamur; íhalds-, afturhaldssamur. **-ismo** íhaldssemi. **-ulo** íhaldsmaður.

**konservatori/o** tónlistarháskóli.

**konsider/i** *áhr* **1** íhuga, hugsa (um), hugleiða, athuga; telja. **2** líta á. **-o** íhugun, umhugsun; álit, tillit. **-e** með tilliti til. **-ado** hugleiðing, athugun. **-ema** hugsandi, íhugunarsamur. **-inda** talsverður, mikilvægur, mikilsverður. **kun-i** *áhr* taka til greina. **ne-inda** lítillfjörlegur, lítillvægur. **re-i** *áhr* íhuga aftur, hugsa betur um. **sen-a** **1** hirðulaus, hugsunarlaus. **2** ónærgætinn, athugalaus.

**konsign/i** *áhr* **1** senda (vörur). **2** *her* halda (liðsmanni) í hermannaskálum. **-aĵo** vörusending. **-anto** vörusendandi. **-atulo** vörumóttakandi.

**konsil/i** *áhr* ráða, ráðleggja. **-o** ráð, ráðlegging, tillaga. **-ano** ráðsmeðlimur. **-anto** ráðgjafi. **-antaro** ráð, bæjarráð. **-ebla** ráðlegur. **ne-ebla** óráðlegur. **-iĝi** ráðgast, bera saman ráð sín. **-iĝo** **1** ráðaleitun. **2** ráðstefna. **-inda** hentugur, hygglegur. **-isto** ráðgjafi, ráðunautur. **inter-iĝi** = **konsiliĝi**. **mal-i** *áhr* ráða frá, vara við. **mal-inda** illa ráðinn. **sen-a** ruglaður, sem veit ekki sitt rjúkandi ráð.

**konsili/o** *lög* ráð; bæjarráð; ríkisráð. **la K-o de Sekureco** Öryggisráðið. **-ano** ráðsmeðlimur. **entrepren-o** ráð starfsfólks og vinnuveitenda í fyrirtæki.

**konsist/i** *áhl* **1** vera myndaður (**el** = úr, af). **2** vera fólgin (**en** = í). **-o** samsetning. **-a** einstakur, sem (e-ð) er samsett af. **-aĵo** efnispartur. **-igi** setja saman, búa til; gera. **divers-a**, **miks-a** ósamkynja, frábrugðinn, blandaður.

**konsistenc/o** *eðl efn* samfesta.

**konsistori/o** *kap* **1** kirkjuráð. **2** kirkjuráðstefna.

**konskripci/o** almenn herþjónusta.

**konskript/o** hermaður sem þvingaður er til herþjónustu.

**konsol/i** *áhr* hugga, hughreysta. **-i** **sin** hugga

sig (**per** = við). **-o** huggun, huggunarorð. **-iĝi** vera huggaður, huggast. **ne-ebla** óhuggandi. **sen-a** dapur, hryggur. **sen-eco** hryggð.

**kosome/o** *mat* kjötseyði, kjötkraftur.

**konsonanc/o** *ton hlj* **1** samhljómur, samkliður. **2** samhljóðan, samræmi; með samhljóða endingum. **-a** samhljóða, samkvæmur. **-i** *áhl* hljóma vel saman.

**konsonant/o** *mfr hlj* samhljóð; samhljóði. **duobla -o** *mfr* tvöfalt samhljóð, tvöfaldur samhljóði. **-ŝoviĝo** *mfr* samhljóðaskipti.

**konsorci/o** *hag lög* verkefnasamtök (sjálfstæðra stórfyrirtækja).

**konspir/i** *áhl* gera samsæri. **-o** samsæri.

**konstabl/o** lögregluþjónn (óbreyttur).

**Konstanc/o** *ldf* **1** Konstanz (borg í Þýskalandi). **2** Constanta (hafnarborg í Rúmeníu). **la -a** Lago Bódenvatn.

**Konstanci/o** *per* Konstantínus.

**konstant/a** **1** stöðugur; látlaus. **2** sífelldur. **3** staðfastur; óbreytilegur. **-e** stöðuglega, látlaust. **-o** *eðl* fasti, konstant, stuðull. **sun-a -o** *eðl* sólstuðull. **tempa -o** *eðl* tímastuðull. **-eco** stöðugleiki; staðfesta. **-igilo** *rtæ* straumjöfnunartæki. **ne-a** **1** óstöðugur. **2** hverflyndur. **ne-eco** hverflyndi; óstöðugleiki. **mal-a** = **nekonstanta**. **mal-eco** = **nekonstanteco**.

**konstantan/o** *efn* konstantan.

**Konstanten/o** *per* Konstantínus.

**Konstantin/o** *ldf* Constantine (borg í Alsír).

**Konstantinopol/o** *ldf* Mikligarður, Konstantínópel (nú = **Istanbulo**).

**konstat/i** *áhr* segja (sem staðreynd), staðfesta, viðurkenna, sanna. **-o** staðfesting, sönnun. **-ebla** sem unnt er að fá vissu um.

**konstelaci/o** *stj* samstirni, stjörnumerki.

**konstern/i** *áhr* slá felmtri á, rugla. **-o**, **-iĝo** agndofi, ofboð, skelfing. **-a** ruglandi, hræðilegur. **-iĝi** verða agndofa. **ne-ebla** óskelfdur, óhræddur; óraskanlegur.

**konstip/i** *áhr læk* valda (e-m) harðlífi. **-a** sem veldur harðlífi. **-o** harðlífi. **-iĝi** ver(ð)a harðlíft.

**konstitu/i** *áhr nýy* vera fólgin í. *Kio -as la dif-erencon?* Í hverju er munurinn fólgin?

**konstituci/o** *lög læk efn* **1** stjórnarskrá. **2** eðlisfar, ásköpuð gerð; líkamsbygging. **-a** **1** samkvæmt stjórnarskrá(nni). **2** þingbundinn. **-i** *áhl* semja stjórnarskrá. **-ano** meðlimur í stjórnarskrárnefnd. **kontraŭ-a** gagnstæður stjórnarskránni. **laŭ-a** = **konstitucia**. **-rompo** stjórnarskrárbrot.

**konstrikt/i** *áhr* draga saman, þrengja. **-o** samdráttur, kyrking. **angio-a** æðaprengjandi.

**konstriktor/o** *dýr* kyrkislanga.

**konstru/i** *áhr mfr* byggja, hlaða, smíða, mynda, gera, reisa. **-o** bygging, smíði, myndun, gerð. **-ado** smíði. **-aĵo** bygging, hús. **-ejo** byggingarlóð. **-igi** láta byggja, láta smíða. **-iĝi** verða reistur, vera smíðaður. **-isto** húsasmiður, byggingarverkamaður. **-briko** kubbur. **-entreprenisto** byggingarverktaki. **-plano** byggingarteikning, húsateikning. **mal-i** *áhr* rífa niður, brjóta niður. **pri-i** *áhr* reisa byggingar á. **re-i** *áhr* endurbyggja. **re-o** endurbygging. **sub-aĵo** undirstaða, grundvöllur. **super-aĵo** yfirbygging. **masiv-i** byggja úr traustu efni, byggja með miklu efni. **pret-ita** tilbúinn.

**konsubstanci/a** *kap* sama eðlis, samur (= **samsubstanca**).

**konsul/o** ræðismaður, konsúll. **-eco** ræðismennska; ræðismannsembætti. **-ejo** ræðismannsskrifstofa.

**konsult/i** *áhr* **1** ráðfæra sig við; leita (til) (sérfræðings); spyrja ráða. **2** fletta (e-u) upp. **-ado** viðtal. **-ejo** lækningastofa; lögmansskrifstofa. **-iĝa** ráðgefandi.

**konsum/i** *áhr* **1** eyða, tæra. **2** neyta. **-o**, **-ado** **1** eyðing, eyðsla. **2** neysla. **-anto** neytandi. **-iĝi** **1** eyðast, tærast upp, vera þrotinn, veslast upp, þverra. **2** andast; renna í sundur og hverfa. **3** daprast; líða. **4** kveljast. **for-i** *áhr* þreyta, tæma. **for-iĝi** = **konsumiĝi**. **ne-ebla** **1** óþrjótandi, ótæmandi, óþrotlegur. **2** óætur.

**kont/o** reikningur. **kuranta -o** hlaupareikningur, ávísanareikningur. **-ado** bókhald. **-adi** *áhl* færa bókhald. **-isto** bókari. **-ulo** innstæðueigandi. **-eltiro** reikningsútskrift. **-resumo** reikningsyfirlit. **-revizoro** löggiltur endurskoðandi.

**kontaĝ/i** *áhr læk* smita (við viðkomu). **-o** sótt-næmi, smitun. **-a** sótt-næmur, smitandi. **-aĵo** sótt-kveikja.

**kontakt/o** **1** snerting. **2** samband. **-i** *áhr* hafa samband við, snerta. **-aĵo** tengill. **-igi** setja í samband. **-iĝi** ná sambandi, komast í samband. **-ilo** *rtæ* slökkvari; rofi. **-olenso** snertilinsa, augnlinsa. **mal-igi** rjúfa straumrás. **mis-o** lélegt samband. **tele-i** *áhr* hafa fjarskipti við. **fuŝ-o** skammhlaup. **kam-o** *fja* *rtæ* kamsamband. **ŝtop-ilo** tengikló. **ter-o** *rtæ* jarðsamband.

**kontaktor/o** *rtæ* öryggisrofi.

**kontant/a** **1** staðgreiðslu-. **2** reiðufjár-. **-e** út í hönd, í reiðufé. **-aĵo** reiðufé.

**kontempl/i** *áhr* íhuga; horfa á með athygli, athuga. **-ado** íhugun.

**kontener/o** gámur. **-izi** setja í gám.

**kontent/a** ánægður. **-eco** ánægja. **-igi** **1** gera

ánægðan, fullnægja. **2** bæla niður; bæta upp. **-igo** fullnægjuserð; uppreisn; skaðabætur. **-igi sin, -igi** láta sér nægja, verða ánægður. **-igema** eftirlátur, stimamjúkur. **-ulo** ánægður maður. **mal-a, ne-a** óánægður, kurrandi. **ne-eco, mal-eco** óánægja. **mal-ulo** óánægður maður. **ne-igebla** óseðjandi. **mem-a** sjálfsánægður, sjálfumgláður. **mem-eco** sjálfsánægja.

**kontest/i** áhr rengja, mæla móti. **-ado** renging. **ne-ebla** ómótmælanlegur, óneitanlegur, órengjanlegur.

**kontinent/o** **1** heimsálfa. **2** meginland. **-a** meginlands-, sem er á meginlandinu. **-breto** ldf landgrunn.

**kontingenc/a** hei óviss, undir tilviljun kominn. **-ismo** tilviljunarstefna.

**kontingent/o** ver **1** tillag, tillagseyrir; liðsstyrkur. **2** kvóti, hluti, ítala. **-i** áhr afhenda kvóta. **-igi** ákveða kvóta (e-s).

**kontinu/a** stæ rtae **1** samfelldur. **2** áframhaldandi. **3 -a kurento** rakstraumur, jafnstraumur. **-aĵo** stæ **1** framhald, áframhald, e-ð áfast. **2** samhengi. **-eco** sífella. **-i** áhl halda áfram, vera samfelldur. **-igi** **1** gera upp. **2** breyta í jafnstraum. **-istino** aðstöðarmaður upptökustjóra. **-rompo** samhengisbrot. **mal-a, ne-a** samhengislaus, sundurlaus. **ne-anto** stæ ósamfellugildi.

**kontoid/o** hlj óradadað hljóð.

**kontor/o** skrifstofa, kontór. **-ano, -isto** skrifstofumaður, kontóristi. **-meblaro** skrifstofuhúsgögn. **-maŝinoj** skrifstofutæki.

**kontraband/o** smygl. **-a** ólöglegur, bann-, smygláður. **-i** áhr smygla. **-aĵo** smygl, smyglvarningur, bannvara. **-isto** smyggill, smyglari.

**kontrabas/o** kontrabassi, bassafiðla.

**kontradanc/o** sveitadans.

**kontradmiral/o** undirsjóliðsforingi.

**kontrafagot/o** tón kontrafagott.

**kontrah/i** áhr læk draga saman (vöðva). **-iĝo** samdráttur.

**kontrakt/i** áhl lög gera samning, semja. **-o** samningur, samkomulag, kaupmáli. **dungo-o** ráðningarsamningur, vinnusamningur.

**kontraktur/o** læk kreppa, stytting.

**kontralt/o** tón altródd. **-a** alt-.

**kontramark/o** ver **1** aukamerki (á vöru). **2** stofn (aðgöngumiða o.þ.u.l.).

**kontrapost/o** fag jafnvægi.

**kontrapunkt/o** tón tónsetningarlist, samræmisfræði, kontrapunktur. **-a** kontrapunkts-.

**kontrast/o** mótsetning, andstæða. **-i** áhl vera andstæður, stinga í stúf (**kun:** við). **-igi** bera saman

(andstæður).

**kontraŭ** mfr I. **1** andspænis, gagnvart, gegn. **2** á móti. **3** fyrir (t.d. *ŝanĝi varojn - varoj*). **4** á (t.d. *sin ĵeti - la pordon*). **5** undan (t.d. *Li savis Danielon - la leonoj*). **6** við (t.d. *esti bona - io*). **-a** stæ andstæður, mótfallinn, mótdrægur, óhagstæður. **-e** þvert á móti; á hinn bóginn. **-e al = kontraŭ**. **-i** áhl vera á móti. **-i al** standa á móti, mæla á móti, vera á móti. **-aĵo** hindrun, tálmi. **-eco** mótsetning, mótstaða, andstaða. **-iĝi** veita mótspyrnu. **-iĝi al** hindra. **-igi** gera óvinveittan. **-ulo** mótstöðumaður, andstæðingur.

II. (sem forskeyti) mót-, gagn-, and- o.s.frv. **-agi** áhr vinna á móti. **-batali** áhr berjast gegn. **-diri** áhr mótmæla. **-glaciilo** ísbroti, ísvari. **-leĝa** ólöglegur. **-militismo** hervaldsandstaða. **-natura** óeðlilegur, ónáttúrulegur. **-parola** mótagnakenndur. **-parto** mótpartur. **-pezo** mótvægi. **-propono** móttillaga. **-stari** áhr standa á móti, sporna við. **-starigi** láta standa augliti til auglitis. **-veneno** eiturdrep, móteitur. **-verma** sem drepur orma (í iðrum). **-vizito** heimsókn til endurgjalds. **-vole** gegn vilja sínum.

**kontribu/i** áhl **1** leggja fram skerf, greiða tillag, greiða styrk. **2** hjálpa. **-aĵo** framlag, tillag; grein. **-anto** gefandi framlags, veitandi framlags.

**kontribuci/o** skattgjald, herkostnaður, hernaðarbætur.

**kontrici/o** kap iðrun.

**kontrol/i** áhr **1** líta eftir, sjá um. **2** athuga, rannsaka, skoða. **3** hafa gætur á. **-o** **1** eftirlit, umsjón. **2** athugun, rannsókn, skoðun. **-ebla** sannanlegur, sem sanna má. **-ilo** tæk **1** mælikvarði, fyrirmynd. **2** mælir; stillir. **-isto, -anto** yfirboðari, umsjónarmaður. **bilet-isto** miðavörður, hliðvörður (á jarnbrautarstöð), vörður, umsjónarmaður (í lest, almenningsvagni o.þ.h.). **kont-isto** endurskoðandi reikninga. **sen-a** umsjónarlaus. **tra-i** áhr rannsaka gaumgæfilega. **-komitato** lög umsjónarnefnd, eftirlitsnefnd. **norm-i** áhr tæk sjá um stöðlun (e-s), staðla. **norm-a** oficejo skrifstofa stöðlunarnefndar. **opini-o** skoðanakönnun.

**kontumac/a** lög óhlýðinn, ógegninn; þrjóscur, stírfinn, þvermóðskufullur. **-o** þvermóðska, stírfni, þrjóska; óhlýðni.

**kontur/o** fyrirmörk, útlína, útjaðar. **-i** áhr draga upp, teikna í útlínum. **-a linio** jafnhæðalína. **-iĝi** birtast í útlínum.

**kontuz/i** áhr merja, blóðmerja, lemstra. **-o** mar. **-aĵo** marblettur. **-anta** merjandi. **-iĝi** merjast. **-makulo** marblettur. **vip-o** rák.

**konukl/o** sag hörbrúða (= **ŝpinbastono**).

**konus/o** *stæ gra* **1** keila. **2** köngull (= **strobilo**). **abio-o** greniköngull. **pino-o** furuköngull. **hakita -o** *stæ* keilustúfur (= **trunko**). **rotacia -o** *stæ* snúðkeila, hringkeila. **-a** **1** keilu-. **2** keilumyndaður, keilulaga, keilulagaður. **-a sekcaĵo**, **-a tranĉaĵo** = **koniko**. **-a surfaco** *stæ* keiluflötur. **-eto** *lfæ* keila sjónhimnu.

**konval/o** *gra* dalalilja, maíklukka (*Convallaria (majalis)*) (= **majfloro**), maílilja.

**konvalesk/o** *læk* afturbati. **-i** *áhl* vera á batavegi, batna, hressast.

**konveks/a** *stæ* ávalur, kúptur. **-aĵo** bunga. **-eco** ávali; kúpa. **voj-o** vegarhalli (til hliðar).

**konvekt/i** *eðl stæ* láta streyma upp. **-o** **1** burður. **2** uppstreymi, hitauppstreymi, neðanvindur.

**konven/i** *áhl* falla, hæfa, fara, fara við; vera viðeigandi, sæma. **-a** hæfilegur, viðeigandi, sæmilegur. **-e** sæmilega, hæfilega. **-eco** velsæmi, sómi, siðsemð; hæfileiki. **mal-a**, **ne-a** ósæmilegur, óhentugur; óviðeigandi. **mal-aĵo** ósómi, óhæfa.

**konvenci/o** *sag* **1** samningur, sáttmáli, samkomulag. **2** hefð, fastur vani. **3** samkunda (einkum í Bandaríkjunum til að velja forsetaefni). **-a** hefðbundinn, vanabundinn.

**konvent/o** **1** klaustur. **2** almennur frímúrarafundur.

**konverĝ/i** *áhl eðl stæ* **1** vera samleitinn, falla saman, hneigjast saman. **2** stefna saman. **-aj** samleitnir, sem stefna saman. **-eco** samleitni, aðhneiging, samruni. **-igi** láta stefna saman, safna. **-iga** safn-. **mal-i** ganga í sundur.

**konvers/i** *áhl nýy* = **konversacii**.

**konversaci/o** samtal, viðræður, samræður, spjall. **-i** *áhl* tala saman, ræða saman, spjalla.

**konvert/i** *áhr bib eðl efn hag ver* **1** snúa. **2** snúa (e-m) á aðra trú. **3** breyta. **4** umbreyta. **-o**, **-ado** snúningur (á aðra trú); breyting. **-ebla** framseljanlegur, auðseljanlegur. **-igi** snúast (á aðra trú); breytast; snúa sér. **-ilo** = **konvertoro**.

**konvertor/o** *rtæ vél* **1** spennubreytir. **2** snúningshraðabreytir. **metalurgia -o** *tæk* málmbræðsluofn á oxli, veltiofn. **nuklea -o** *eðl* kjarnabreytir. **-a kompleto** *rtæ* spennubreytasamstæða.

**konvikt/i** *áhr lög* dæma sekan, sanna sekan. **-o** sönnun glæps (á e-n). **-aj** **montroj** sönnunargögn.

**konvink/i** *áhr* sannfæra. **-o** sannfæring, sannfærsla, vissa. **-a** sannfærandi. **-ebla** sannfæranlegur, sem unnt er að sannfæra. **-igi** vera sannfærður. **-iĝo**, **-iteco** vissa, sannfæring.

**konvoj/o** *sig* skipalest. **-i** *áhr* veita (kaupskipum) verndarfylgd.

**konvolvul/o** *gra* vafningsklukka (*Convolvulus*).

**konvulsi/o** *læk* rykkjakrampi, umbrotakrampi, krampadrættir, enging. **naskaj -oj** fæðingarhríðir. **-a** krampakenndur; krampa-. **-e** með rykkjum. **-i** *áhl* verða fyrir krampa. **-oterapio** raflostmeðferð.

**konzern/o** *hag* fyrirtækjasamsteypa, fyrirtækjahringur, verslunarhringur.

**konzol/o** *fag* **1** veggilla, veggborð. **2** múrnsös.

**kooper/i** *áhl* taka þátt í samvinnufélagi. **-a** *hag* samvinnu-. **-a vendejo** kaupfélagsverslun. **-a societo** samvinnufélag, kaupfélag. **-ado** samvinna.

**kooperativ/o** samvinnufélag. **-ismo** samvinnuhreyfing.

**koopit/i** *áhr lög* kjósa í viðbót (= **alelekti**). **-ado** kosning nýrra nefndarmanna af þeim sem fyrir eru.

**koordinat/o** *stæ ldf* hnit. **-aro** staðarhnit. **-sistemo** hnitakerfi. **orta -sistemo** réttthyrnt hnitakerfi.

**kopal/o** *efn* kópall.

**kopek/o** kópek.

**Kopenhag/o** *ldf* Kaupmannahöfn (höfuðborg Danmerkur).

**Kopernik/o** *per* Kóperníkus. **-a** Kóperníkusar-.

**kopi/i** *áhr ljó* **1** afrita, endurrita. **2** endurteikna. **3** taka afrit af, taka kópú af. **4** spegla; líkja eftir, stæla. **-o ljó hús** **1** eftirrit; afrit. **2** eftirmynd. **3** kópía. **4** eftirlíking, stæling. **5** eftirprentun. **blua -o** ljósprent. **-a** afritunar-. **-a papero** **1** ljósnæmur pappír, ljósmyndapappír. **2** kalkipappír. **-e** með því að afrita, í fjölríti; eins og í spegli. **-ado** **1** afritun, eftirritun. **2** endurteiknun. **3** ljósrítun. **4** stæling. **-ilo** fjölritari, ljósrítunartæki. **-isto** afritari, afskrifari. **mis-i** *áhr* búa til langt eftirrit af. **re-i** *áhr* endurtaka afrit af. **tra-i** *áhr* blá, stæla með bláipappír. **foto-i** *áhr* ljósríta. **stel-i** *áhr* gera eftirlíkingu án leyfis, afrita án leyfis.

**kopl/o** *bók* **1** vísa, erindi (með tveim rímuðum ljóðlínunum). **2** spænskt sögukvæði. **3** = **kuplo** **2**.

**kopr/o** *gra* kópra, þurrkaður kókosknetukjarni.

**kopris/o** *dýr* tordýfill (*Copris*).

**koprofagi/o** *læk* savrát. **-a** savretandi.

**koprolit/o** *jar* saursteinn, steinharður saur.

**kops/o** *bún* smáviði, kjarrviði.

**kopt/o** *per* kopti. **-a** koptískur.

**kopul/o** *mfr* tengisögn, sögn sem tengir sagnfyllingu við frumlagið (í esperanto *esti*, *iĝi*, *ŝajni*, o.s.frv.).

**kopulaci/o** *lif dýr gra* **1** kynmök, eðlun, samfarir; æxlun. **2** samruni kynfrumna. **-i** *áhl* **1** eðla sig, tímgastr, æxlast. **2** (um kynfrumur) renna saman.

**kor/o** **1** *lfæ* hjarta. **2** *gra* kjarni. **mia -o** hjartað mitt. **-a** *læk lfæ* **1** hjarta-. **2** hjartanlegur, kær. **-eco** alúð, einlægni. **-premi** *áhr* draga kjark úr;

hryggja. **-tuŝi** áhr láta komast við. **-tuŝiĝi** komast við. **antaŭ-a** *lfæ* hjartasvæðis-. **sen-a** *lfæ* **1** hjartalaus. **2** harðbrjósta, miskunnarlaus. **tut-e** einhuga, af heilum hug. **bon-a** góðhjartaður, hjartagóður. **bon-eco** góðgirmi. **favor-a** elskuríkur, gæskuríkur, líknsamur, meðaumkunarsamur, miskunnsamur, náðugur. **favor-eco** miskunn. **favor-i** áhr líkna, miskunna, vera náðugur (e-m). **favor-e** náðarsamlega, með yndisþokka. **mol-a** viðkvæmur. **plen-a** einlægur. **plen-e** einhuga, af heilum hug, heilshugar. **pur-a** hjartahreinn. **tut-a** = **plenkora**.

**kor'o** *bib* kór (um 364 l) (hebreskt rúmmál).

**koraci/o** *dýr* álfakráka (*Coracius*). **-edoj** álfa-krákuætt, hranaætt (*Coraciidae*). **-oformaj** meitilfuglar (*Coraciiformes*).

**Korah'o** *per* Kóra.

**korak/o** *dýr* hrafn, krummi (*Corvus corax*) (= **korvo**, **2**). **-oida** *lfæ* krumma- (*coracoideus*).

**korakl/o** *sig* skinnbátur (= **korboato**).

**koral/o** *dýr* kóral. **-a** **1** kóral-, úr kóral. **2** kórallitur. **-a rifo** kóralsker. **-a insuleto** kóraley. **-uloj** kóraldýr (*Anthozoa*). **ok-uloj** mjúkir kóralar (*Octocorallia*). **ses-uloj** harðir kóralar (*Hexacorallia*). **stel-o** = **madreporo**.

**Koral/a** *ldf* Kóral-. **K-a Maro** *ldf* Kóralhaf.

**koralin/o** *gra* kalkþörungur (*Corallina*). **-acoj** kalkþörungætt (*Corallinaceæ*).

**korallioriz/o** *gra* kræklurót (*Coralliorhiza*).

**Koran/o** *inn* Kóran. **-a** kóran-.

**korb/o** karfa. **-aĵo** tágavinna, brugðningur. **-ego** stór karfa. **-eto** spónakarfa; lítil karfa. **abel-o** býflugnabú. **bazar-o** innkaupakarfa. **dorso-o** laupur, meis. **manĝaĵ-o** nestiskarfa. **paper-o** bréfakarfa. **ter-o** vígislaupur. **ventum-o** varpskófla. **-oboato** = **koraklo**. **-(ofar)isto** körfusmiður.

**korbel/o** *hús* sylla. **-a** útbyggður; framskagandi. **-a fenestro** útbyggður gluggi, útskotsgluggi.

**Korcir/o** *per* Kerkyra, Korfú (= **Korfuo**).

**kord/o** **1** *tón* strengur. **2** *lfæ* strengur, band. **voĉaj -oj** = **voĉkordoj**. **3** *stæ* strengur. **-a** strengja-. **-ito** *læk* raddbandabólga. **unu-a** eins strengs. **tri-a** þriggja strengja. **voĉ-oj** *lfæ* raddbönd.

**kordelier/o** *sag* **1** grámunkur. **2** meðlimur í byltingarklúbb í Frakklandi frá 1790.

**kordial/o** *læk* hressandi og styrkjandi drykkur, hjartastyrkjandi drykkur.

**Kordiler/oj** *ldf* Andesfjöll (í Suður-Ameríku).

**kordit/o** *her* (reyklaust púður gert úr nítrogluss-eríni og sprengibómull).

**kordon/o** *hús* *lfæ* **1** brydding, legging. **2** borði, heiðursborði, riddaraband. **3** röð. **4** mannhringur, herkví, varðröð. **5** múrbrún. **6** = **funiklo** **1**.

**kordov/o** kordóva (gjaldeyrir í Níkaragúa).

**Kordov/o** *ldf* Kordóva. **-a** Kordóvu-.

**korduroj/o** *klæ* flauel.

**kore/o** *læk* **1** dans, sinadráttur. **2** rykkjadans, Víтусardans.

**kore/o** *per* Kórei. **K-io**, **K-ujo** *ldf* Kórea. **Nord-K-io** Norður-Kórea. **Sud-K-io** Suður-Kórea. **-a** kóreskur. **-ano** Kórei.

**koregidor/o** *sag* borgarstjóri (á Spáni).

**koregon/o** *dýr* násíld (*Coregonus*).

**koregraf/o** danshöfundur, leikdanshöfundur, balletthöfundur. **-io** leikdanslist, samning leikdansa.

**korekt/i** áhr leiðrétt. **-o** leiðréttning, lagfæring. **-ado** (stöðug) leiðréttning. **-ado de presprovaĵoj** prófarkalestur. **-a** **1** leiðréttandi. **2** = **ĝusta**. **-endaĵo** leiðréttning (sem á að leiðrétt). **-iĝi** vera leiðréttur. **-isto** prófarkalesari. **-ofara** leiðréttandi. **mal-aĵo** villa, illverk, misgerð. **mis-i** áhr leiðrétt (orð sem á ekki að leiðrétt). **ne-ita** óleiðréttur. **sur-i** áhr skrifa yfir öðrum orðum á. **pun-ejo** betrunarhús.

**korelaci/o** = **korelativeco**.

**korelativ/a** *mfr* samsvarandi. **-eco** gagnkvæm afstaða, samsvörun.

**koreops/o** *gra* garðagull (*Coreopsis*).

**korespond/i** *áhl* *jár* **1** skrifast á. **2** **-i kun** fylgja tímum (e-s). **-o** *jár*, **-ado** *jár* **1** bréfaskipti. **2** = **korespondaĵo**. **3** samræmd áætlunarferð. **-aĵo** bréf. **-anto** **1** bréfitari. **2** fréttaritari. **-isto** ritari.

**Korfu/o** *ldf* Korfú (ein jónísku eyjanna).

**kori/o** *lfæ* **1** ytri belghimna, æðabelgur. **vila -o** kögurbelgur. **glata -o** sléttbelgur. **2** leðurhúð. **-oida** æðahýðis-, æðu-.

**koriandr/o** *gra* kóríander (kryddjurt) (*Coriandrum*). **-a semo** kóríanderfræ.

**koribant/o** *trú* korybantur, prestur Kybele.

**koridor/o** *byg fél* **1** göng, gangur. **2** *bif* akrein.

**korife/o** *lei* **1** söngstjóri. **2** dansstjóri. **3** meistari.

**korifen/o** *dýr* höfrungur (*Coryphæna*).

**koriks/o** *dýr* vatnatíta, ræðari, svamlari (*Corixa*).

**korimb/o** *gra* sveipur.

**Korint/o** *ldf* Kórínþa (hafnarborg í Grikklandi). **-a** Kórínþu-, frá Kórínþu. **la -a kanalo** Kórínþuskurður. **la -a istmo** Kórínþueiði. **-aj vinberoj** (*sekaj*) kúrennur. **-a Golfo** Kórínþuflói. **-ano** Kórínþumaður. **Epistolo al la -anoj** Kórínþubréfið.

**korintik/a** *hús* kórínþískur.

**Koriolan/o** *sag* *per* Coriolanus.

**koriz/o** *læk* nefkvef. **perioda spasma -o** (vísindamál, = **fojnofebro**).



**kork/o** 1 korkur, kork. 2 korktappi. **-a** kork-, úr korki. **-i áhr** setja tappa í. **mal-i áhr** taka tappa úr. **-ogusta** með korkbragði. **-okverko** korkeik (*Quercus suber*). **-tirilo** tappatogari.

**korm/o gra** laukepli (t.d. á dverglilju).

**kormofit/oj gra** þelngar.

**kormoran/o** dýr skarfur (*Phalacrocorax*). **tufa -o** toppskarfur (*P. aristotelis*).

**korn/o** dýr 1 horn (á dýri eða á snigli); fálmari. 2 horn, sómi, vald. 3 drykkjarhorn; horn, ílát. 4 horn, lúður. 5 horn (efnið). **aũdiga -o** hlustunarpípa. **-a** horn-, úr horni; hornkenndur. **-i áhl áhr** 1 flauta; þeyta lúður. 2 setja horn á. **-ita** með horn, hyrndur. **-aro** (hjartar)horn. **-eca** hornóttur, hornkenndur. **-eto** 1 hnýfill. 2 kramarhús. **-iĝi** harðna, verða hornóttur. **-obati áhr** stanga. **-ofrapi = kornobati**. **-ohava** hyrndur. **-opiki áhr = kornobati**. **-opinto** grein, tindur (á hjartarhorni). **-oporta = kornohava**. **-opuŝi áhr** stanga hornum. **dek-ulo** tíhyrndur hjörtur. **du-a** tvíhyrndur. **tri-a** þríhyrndur. **unu-ulo** goð 1 einhyrningur. 2 nashyrningur. **abundo-o** nægtahorn. **aũto-o** bílflauta, flauta (á bíl). **baset-o** sjá **basetkorn/o**. **ĉas-o** veiðilúður, veiðihorn. **flugel-o** flygilhorn. **lamen-uloj dýr** (*Lamellicornia*). **nebul-o** þokulúður. **paper-eto** kramarhús. **saks-o** flygilkorn. **signal-o** merkishorn. **ŝu-o** skóhorn.

**korne/o** *lfæ* glæra, hornhimna (í auga). **-ito** *læk* = **keratito**.

**korned/o inn** 1 merkisberi (í riddaraliði). 2 nunnuhúfa.

**Korneli/o** *per* Kornelús. **-a** Kornelía.

**kornemuz/o** *tón* frönsk belgþípa.

**kornet/o** *tón* 1 kornett (e.k. lítill lúður). 2 hlustunarpípa.

**kornic/o** *hús jar* 1 múrbrún. 2 einstigi. 3 rák, þræðingur (í fjalli). **-a** múrbrúnar-. **-a stango** gluggatjaldastöng. **-a vojo** hamravegur.

**kornik/o** *dýr* grákráka (*Corvus cornix*).

**kornus/o gra** skollaber (*Cornus*). **-acoj** skollabersætt. **-frukto** skollaber.

**Kornval/o** *ldf* Kornbretaland, Cornwall.

**korod/i áhr** *efn* éta sundur, tæra sundur, æta. **-o** æting, tæring, grotnun. **-aĵo** ætiefni, tæringarefni. **-imuna** ryðfrír.

**koroid/o** *lfæ* fellingabaugur. **-ito** fellingabaugsbólga. **iriso-ito** lithimnu- og fellingabaugsbólga.

**korol/o gra** (blóm)króna. **-folio = petalo**.

**korolari/o** *rúm* niðurstaða, rökrétt afleiðing, ályktun.

**koron/o** *stj* sólkóróna.

**koronari/a** *lfæ* krans-, krónu-. **-aj arterioj**

kransæðar. **-ito** *læk* kransæðabólga.

**korp/o** *kap* *lfæ* 1 líkami, kroppur. 2 skrokkur; lík. 3 bolur. 4 meginhluti. 5 hlutur. 6 kraftur. **fremda -o** aðskotahlutur. **flava -o, lutea -o** gylis-hnökri. **-a** 1 líkamlegur. 2 holdlegur. **-eto** hnökri. **-igi** íklæða líkama. **-iĝi** koma í framkvæmd; íklæðast líkama. **el-igi** leysa úr líkamanum. **en-igi** holdgera. **en-iĝi** líkamnast. **en-iĝo** holdgun. **sen-a** ólíkamlegur. **anti-o = antikseno**.

**korporaci/o** félag, stéttarfélag. **-emo** samstaða félagsmanna.

**korporal/o** *kri* Kristslíkamadúkur, korpórall.

**korpulent/a** gildur, holdugur, digur, feitur. **-eco** gildleiki, fita.

**korpus/o** *her* herflokkur. **-a** herflokks-.

**korpuskl/o** *eðl* ódeili, ögn, öreind, kjarnaögn. **alfa-o** alfa-ögn. **elementa -o** öreind. **anti-o** andör-eind.

**kors/o** stræti til skemmtigöngu, breiðgata með gras- og trjáreinum.

**korsaj/o** kventreyja, upphlutur, kjólbolur.

**korsak/o** *dýr* tatararefur.

**korsar/o** 1 sjóræningjaskip. 2 sjóræningjaskipstjóri. 3 víkingur, sjóræningi.

**korset/o** lífstykki. **-isto** lífstykkjasaumakona.

**Korsik/o** *ldf* Korsíka (frönsk eyja norðan við Sardiníu). **k-ano** *per* Korsíkubúi.

**kort/o** 1 húsagarður. 2 hlað, port. **-ego** konungshöll; hirð. **-ega** hirð-. **-egano** hirðmaður. **-egestro** kammerherra (við hirðina). **-isto** dyravörður. **-umo** dómur, yfirréttur. **kasacia -umo** yfirdómur. **alta -umo** hæstiréttur. **apelacia -umo** áfrýjunardómstóll. **antaũ-o** forgarður. **birdo-o** bæjarhlað.

**korteks/o** *lfæ* heilabörkur.

**Kortes/oj** *sag* 1 spænska ríkisþingið. 2 portúgalska ríkisþingið.

**kortez/a** *inn* hæverskur.

**kortik/o** *lfæ* börkur. **la rena -o** nýmabörkur. **-oterapio** kortisónlækningar.

**kortikotrop/a** *læk* berkisleitinn.

**kortizon/o** *læk* kortisón, berki. **-terapio** kortisónmeðferð, berkislækningar.

**Kortrejko** *ldf* Kortrijk (borg í Belgíu).

**korund/o** *ste* kórúnd.

**korupt/i áhr** 1 múta. 2 spilla. **-o, -ado** 1 spill-ing. 2 mútun, mútugjöf. **-ebla** mútugjarn.

**korus/o = ĥoro**.

**korv/o** *dýr* 1 hröfnungur (*Corvus*). 2 hrafn, krummi (*Corvus corax*) = **korako**. **-edoj** hröfnungaætt, hrafnætt (*Corvidæ*). **mar-o = kormorano**. **mont-o = pirokorako**.

**korvet/o** *sag* korvetta.

**kos/o** = *guŝo*.  
**kosekant/o** *stæ* kósekant.  
**kosinus/o** *stæ* kósínus.  
**kosm/o** *stj* **1** geimur, alheimur. **2** heimsskipan. **-a** geim-, alheims-. **-ologio** heimsfræði, heims-magnafræði. **-oŝipo** geimfar.  
**kosmetik/o** **1** snyrting. **2** = **kosmetikaĵo**. **-aĵo** fegrunarlyf, fegrunarvara.  
**kosmogoni/o** *hei* upprunafræði, heimsmyndun, heimsmyndunarfræði.  
**kosmograf/o** *stj* geimfræðingur. **-io** geimfræði.  
**kosmologi/o** heimsfræði.  
**kosmonaŭt/o** *stj* geimfari.  
**kosmopolit/o** heimsborgari; heimsmaður. **-a** heimsborgara-, heimsborgaralegur. **-eco** heimsborgaraleiki. **-ismo** heimsborgaraháttur.  
**kost/i** *áhl* *áhr* kosta. **-o** **1** verð. **2** kostnaður. **-e de** á kostnað e-s. **-a, multe-a** dýr, verðmikill, kostnaðarsamur. **sen-a** kostnaðarlaus, ókeypis.  
**Kostarík/o** *ldf* Kostaríka. **-a** kostarískur. **-ano** Kostaríkubúi.  
**kostum/o** búningur. **-i** *áhr* klæða, búa. **-isto** búningasali. **bal-o** ballgríma, dansbúningur. **tajlor-o** jakkaföt. **-balo** grímudansleikur.  
**koŝ/o** *tæk* *ípr* *rtæ* festarauga, kósi.  
**koŝer/a** *trú* tilbúinn samkvæmt helgisiðum gyðinga.  
**koŝmar/o** *ská* martröð (= **inkubsonĝo**).  
**kot/o** **1** aur, for, forarbleyta, leðja, svað, bleyta. **2** sorp, skítur. **-a** forugur; skítugur. **-i** *áhl* skíta. **-ejo** forarpollur. **-isto** götusópari. **en-iĝi** festast í for. **sen-igi** skafa aur af.  
**kotangent/o** *stæ* kótangens.  
**koteri/o** klíka.  
**kotiledon/o** **1** *gra* kímblað. **2** *lfæ* fylgjuskúfur. **-uloj** *gra* dulfrævingar. **du-a** tvífrævings-. **unu-a** einfrævings-.  
**kotiz/i** *áhl* greiða gjald (félags); skjóta saman. **-o** **1** félagsgjald. **2** samskot. **3** váttryggingariðgjald. **-ado** stuðningur með peningum, tillag, framlag.  
**kotlet/o** *mat* rifjasteik, kóteletta.  
**koton/o** *gra* baðmull. **-a** baðmullar-; úr baðmull. **-aĵo** baðmullarefni. **-eca** baðmullarkenndur. **-ujo** *gra* baðmullarplanta (*Gossypium*). **fulmo-o** skotbaðmull. **puriga -o** tvistur. **-sema oleo** baðmullía.  
**kotorn/o** *ská* háskór, háklossi.  
**koturn/o** *dýr* kornhæna (*Coturnix coturnix*).  
**kov/i** *áhr* **1** (um fugla) liggja á. **2** dekra við. **3** búa yfir; hyggja á; grúfa yfir. **-ado** álega (á eggjum). **-ejo** **1** varpland. **2** uppruni, upptök. **-ilo** **1** útungunarvél. **2** hitakassi. **-itaro** unghópur úr einu

hreiðri. **duon-ita** fúll. **el-i** *áhr* **1** klekja, unga út. **2** koma fram með (e-ð).

**kovalent/o** *eðl efn* samgild tengsl.

**kovard/a** *nýy* ragur, ragmennskulegur. **-eco** ragmennska.

**kovert/o** umslag.

**Kovn/o** *ldf* Kaunas (borg í Litháen).

**kovr/i** *áhr* **1** þekja, hylja, breiða yfir. **2** fóðra. **3** leggja (lok) yfir. **4** borga, bæta upp. **-o** þakning, lag; skjól; yfirskin. **-ado** **1** fóðrun. **2** yfirlagning. **3** borgun. **-aĵo** lag, þak; dúkur. **-iĝi** verða þakinn, verða hulinn. **-ilo** **1** lok, hlemmur. **2** gluggahleri. **3** rúmteppi, rúmábreiða. **lanuga -ilo** dúnsæng. **4** spjald, kápa (á bók). **5** skjól; blæja, hula. **6** ábreiða, teppi, dúkur. **-ita** **1** hulinn, þakinn; með ábreiðu. **2** leyndur, leynilegur. **-umo** blæja (á bíl). **-opovo** þekjugeta, svæði sem 1 kg málning nær yfir. **ĉirkaŭ-i** *áhr* vefja um; sveipa. **ĉirkaŭ-o** umbúðir. **mal-i** *áhr* **1** taka ofan af, opna. **2** opinbera, afhjúpa. **3** uppgötva, finna upp, leiða í ljós, koma (e-u) upp. **mal-o** **1** afhjúpun. **2** uppgötvun. **mal-aĵo** ópakinn blettur; ómálað svæði. **mal-iĝi** opinberast; lúkast upp; verða ber. **mal-ita** **1** ber; opin. **2** einarður. **sen-a** **1** óvarinn; skjóllaus. **2** úti-, utanhúss-; þaklaus. **buŝ-ilo** lok á fallbyssukjafi. **dom-isto** þaklagningarmaður. **ĵet-i** *áhr* strá. **klin-i** *áhr* *byg* sig skara, súða. **lit-ilo** rúmábreiða. **nub-aĵo** *veð* skýjahula. **sel-aĵo** undirdekk. **ŝut-i** *áhr* steypa. **tabul-i** *áhr* sig þilja, klæða með borðum. **tir-ilo** rennilok. **volbo-aĵo** *byg* hvolfþak. **volve-i** *áhr* vefjast um.

**kozak/o** *sag* **1** kósakki. **2** grimmdarseggur.

**krab/o** *dýr* krabbi, krabbadýr. **ermita -o** = **eŭpaguro**.

**krabl/i** *áhl* *nýy* skreiðast.

**krabr/o** *dýr* geitungur (*Vespa crabro*).

**kraĉ/i** *áhl* *áhr* **1** hrækja. **2** hvæsa, skyrpa. **3** spýja (t.d. eldi). **-o, -aĵo** hráki, uppgangur. **-ado** það að hrækja, hrákar. **-eti** *áhl* frussa. **-ujo** spýtu-bakki, hrákadallur. **el-i** *áhr* spýta út úr sér.

**krad/o** *mat* *tæk* *rtæ* **1** grind. **2** rimlagirðing. **3** rist (til að steikja á. **4** rist (í ofni). **ekrana -o** *rtæ* hlífigrind. **rega -o, reguliga -o** stilligrind. **ŝirma -o** = **ekrana krado**. **-a** rimla-; grindar-. **-i** *áhr* **1** loka með grindum; setja rimla fyrir. **2** ráka, setja rákir á. **-aĵo** grind, grindverk, rimlagirðing. **ĉirkaŭ-i** *áhr* setja rimlagirðingu um. **de-i** *áhr* skilja með grind. **fajro-o** ofnrist. **paŝ-o** göngupallur. **rosto-o** steikarrist, rist (til að steikja á). **-rostilo** steikarrist.

**krajon/o** blýantur. **-i** *áhr* skrifa með blýanti, teikna með blýanti, skissa. **glob-o** kúlupenni.

**krak/i** *áhl* braka, bresta, gnesta. **-o** brak, brestur. **-adi** *áhl* **1** snarka, bresta. **2** glamra. **3** marra. **-eti**

*áhl* snarka, bresta. **-etigi** mola, láta marra. **-igi** *tæk* láta braka, láta bresta.

**kraken/o** kringla, hagldabrauð.

**Krakov/o** *ldf* Kraká, Kraków (borg í Póllandi).

**kramb/o** *gra* strandkál (*Crambe*); fjörúkál (*C. maritima*).

**kramf/o** *tæk* vöðvakrampi, sinadráttur.

**kramp/o** *efn eðl* 1 klampi, sinkill. 2 kengur, spennsli. 3 *mfr* svigi, hornklofi. **rondaj -oj** svigar. **rektaj -oj** hornklofar. **angulaj -oj** oddklofar. **kuniga -o** oddsvigi, slaufusvigi. 4 *gra* (á plöntu) vafteinungur, gripfæri. **-i áhr** 1 sinkla, spengja. 2 setja innan sviga. **inter-e** innan sviga.

**kran/o** krani (á pípu). **-aro** allirsaman kranarnir. **el-i áhr** tappa af. **for-i áhr** skrúfa af (vatn). **akvo-o** vatnskraní. **gas-o** gashani. **pinĉ-o** *efn* pípuklemma. **trivoja-o** þriggja opa krani.

**krani/o** 1 hauskúpa. 2 haus. **-a** hauskúpu-. **-a haŭto** höfuðleður. **-a osto** hausbein. **-aj nervoj = cerbaj nervoj**. **-ologio** svipfræði, hauskúpufræði, kúpufræði. **-ometrio** hauskúpumæling. **sen-uloj** *dýr* hauskúpuleysingjar (*Acrania*).

**krank/o** *tæk* sveif, smali, hlaupastelpa. **-i áhr** snúa (vél) í gang. **man-o** sveif.

**krasul/o** *gra* eilífðarlauf, fitulauf (*Crassula*). **-acoj** helluhnoðrætt (*Crassulaceæ*).

**kraŝi/i áhl** 1 *flu* brotlenda. 2 *hag* fara á hausinn. **-o** *hag* 1 brotlending. 2 *efnahagshrun*. **-kasko** fallhjálmur, hlífihjálmur.

**kratag/o** *gra* hvítþyrnir, hagþorn (*Crataegus*).

**krater/o** *inn jar* 1 drykkjarskál (í fornöld). 2 gígur, eldgígur. **-eto** *umf* hola (á götu).

**kraŭl/o** skriðsund. **-i áhl** synda skriðsund.

**kraŭn/o** krónugler.

**kravat/o** bindi, hálsbindi, slifsi.

**kraz/o** *mfr* samruni (sérhljóða).

**kre/i áhr** 1 skapa, búa til. 2 stofna. **-o**, **-ado** sköpun, tilbúningur; stofnun. **-a** skapandi; sköpunar-. **-aĵo** skepna, kvikindi; verk. **-iĝi** verða til, vera skapaður. **-into** *trú* skapari. **-itaĵo = kreaĵo**. **-itaro** öll sköpunin. (einnig *la tuta -itaro*).

